

1. nóvember 2017

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers-Æskukots

Þriðji fundur var haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Bryndís, Friðrik, Hekla, Hreindís, Hugji, Steindór, Sölvi og Þorbergur. Starfsmenn leikskólans, Elín og Ásgerður, Viktoría verkefnastjóri og Hafdís bókasafnsvörður.

Í dag fór Hafdís bókasafnsvörður yfir það hvernig maður fer með og gengur um bækur. Hún sýndi okkur bók sem var nýlega keypt, eða fyrir um ári síðan en hún var öll að detta í sundur og nánast ónýtt. Svo sýndi hún okkur bók sem var um 60 til 70 ára og hún var mjög vel með farin. Þá töluðum við um hvað það skiptir miklu máli hvernig maður gengur um hlutina, alveg sama hvaða hlutir það eru, bækur, dót eða náttúran til þess að það endist sem best og lengst. Mjög skemmtileg og lífleg umræða skapaðist. Börnin voru hvött til þess að deila vitneskju sinni með yngri börnum á leikskólanum.

Krökkunum voru einnig gefnar bækur, tvær Depils bækur, og eina bók sem heitir *Verum Græn!* sem passar vel við það sem við erum að reyna að vera bæði á Brimveri og Æskukoti. Við lásum kafla í þeirri bók sem heitir *Gott líf* og þar stóð helst uppúr málshátturinn „Hver er sinnar gæfu smiður“ og ætlum við að tala sérstaklega um hann á næsta fundi.